

Alþingi
Erindi nr. P 123/1225
komudagur 3. 3 '99



BARNAVERNDARRÁÐ

Laugavegur 36 • 101 Reykjavík • S: 5511795 & 5621588 • Fax 5624486

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 1999

Umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.

Barnaverndarráð hefur fjallað um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála í samræmi við bréf Björns Þorvaldssonar, nefndarritara, til Barnaverndarráðs dags. 8. febrúar sl.

Barnaverndarráð fagnar framkomnu frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála en markmið þess er einkum að styrkja réttarstöðu brotþola. Barnaverndarráð telur sérstaklega brýnt að þau ákvæði frumvarpsins sem miða að því að styrkja réttarstöðu barna sem brotþola verði að lögum. Má þar benda á 16. gr. frumvarpsins varðandi skýrslutöku af börnum þegar grunur leikur á að þau hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þar er gert ráð fyrir því að börnum sé hlíft við því að koma fyrir dóm að nýju ef skýrsla hefur verið tekin af þeim á rannsóknarstigi.

Barnaverndarráð styður það eindregið að þessi lagabreyting nái fram að ganga.

Í 18. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að dómari geti kvatt kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku þegar skýrsla er tekin af brotþola yngri en 18 ára.

Barnaverndarráð leggur sérstaka áherslu á að mikilvægt sé að þessari heimild sé beitt þegar um ung börn er að ræða. Þá telur Barnaverndarráð einnig miklu skipta hvaða þekkingu og reynslu slíkur kunnáttumaður hefur til að bera. Að mati ráðsins væri heppilegast að velja til slíkra starfa sálfræðinga með sérhæfingu í barnasálfræði.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaverndarráðs

Guðrún Erna Hreiðarsdóttir
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir

frankvæmdastjóri Barnaverndarráðs